

Þriðjudaginn 30. janúar 1973.

Nr. 17/1973. Ákærvaldið

gegn

Agli Grímssyni Thorarensen

Birgi Þorvaldssyni og

Sigurði Ívari Sigurðssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Úrskurði um, að dómari víki sæti, hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Máli þessu hefur saksóknari ríkisins með vísan til 1. töluliðs 171. gr. laga nr. 82/1961 skotið til Hæstaréttar með kæru 12. janúar 1973, er hingað barst 23. s. m. Er þess krafizt, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og dæmt verði, að héraðsdómari, Ármann Kristinsson sakadómari, víki ekki sæti í málinu. Greinargerðir hafa hvorki borizt frá héraðsdómaranum né verjanda þeim, er greinir í hinum kærða úrskurði.

Héraðsdómari varð ekki við þeim tilmælum verjanda að leggja tilteknar spurningar fyrir ákærðu Birgi Þorvaldsson og Sigurð Ívar Sigurðsson varðandi þann hátt, sem héraðsdómari hafði haft á að áminna þá, er þeir komu fyrir dómara og gáfu skýrslur. Verjandinn skaut ekki þessari synjun dómars til Hæstaréttar, sbr. 10. tölulið 172. gr. laga nr. 82/1961, heldur krafðist hann þess, að dómari viki sæti í málinu. Synjun dómars um að bera upp spurningar þær, er í málinu greinir, fyrir framangreindum mönnum gerir hann ekki vanhæfan til að fara með mál þetta, sbr. 2. málsg. 15. gr. laga nr. 82/1961 og 36. gr. laga nr. 85/1936. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. desember 1972.

Ár 1972, fimmtudaginn 21. desember, var úrskurður þessi kveð-

inn upp á dómþingi sakadóms Reykjavíkur af Ármanni Kristinsyni sakadómara.

Málsatvik eru þessu:

Með ákæru, dagsettri 4. nóvember 1971, höfðaði saksóknari ríkisins opinbert mál á hendur Agli Grímssyni Thorarensen tækni-fræðingi, Dalalandi 8, Reykjavík, fyrir brot gegn ákvæðum 2. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 6., 1. mgr. 24. gr., sbr. 35. og 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969. Við rannsókn máls þessa komu m. a. fyrir dóm sem vitni þeir Birgir Þorvaldsson framleiðslustjóri, Grýtubakka 18, Reykjavík, og Sigurður Ívar Sigurðsson vélstjóri, Melholti 2, Hafnarfirði. Með ákæru, dagsettri 19. maí 1972, voru allir hinir framangreindu menn sakaðir um brot gegn 1. mgr. 142. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, hinn fyrsttaldi sbr. 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

Þá er leggja skyldi fram skriflegar varnir í málinu hinn 7. júlí 1972, krafðist Þórður Ásgeirsson héraðsdómslögmaður, skipaður verjandi ákærða Egils Grímssonar Thorarensens, þess, að frekari rannsókn færi fram í málinu og 13 nánar tilgreindar spurningar yrðu lagðar fyrir ákærða Birgi og 11 fyrir ákærða Sigurð Ívar. Rannsókn þessi var háð hinn 6. október 1972 að öðru leyti en því, að dómari taldi ekki rétt, að hann legði fyrir hina ákærðu nokkrar spurningar, sem lutu að því, hvort hann hefði rækt embættisskyldu sína að lögum við fyrri yfirheyrslur í málinu.

Þegar skipaður verjandi ákærða Egils Grímssonar Thorarensens skyldi leggja fram skriflega vörn hinn 6. þ. m., taldi hann hættu á því, að dómari fengi „ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu“ og áréttaði, að hann liti svo á, að dómur yrði ekki réttilega lagður á í málinu, fengjust ekki svör við áðurnefndum spurningum.

Dómari þessa máls er að sjálfsögðu ekki bær um að rannsaka, hvort hann hafi sjálfur framkvæmt ólöglega rannsókn í málinu og þannig brotið gegn 131. gr. almennra hegningarlaga, en að slíku hefur Þórður Ásgeirsson látið liggja í bréfi, sem hann lagði fram á dómþingi sakadóms hinn 6. þ. m.

Af nefndum sökum telur dómari rétt, að hann víki sæti í máli þessu ex officio.

Ályktunarorð:

Dómari víkur ex officio sæti í máli þessu.